



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 9. september 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir störf sín og verkefni framundan. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Úttekt á rekstri þjónustu fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra

Fyrir fundinum lá úttekt á rekstri þjónustu fatlaðst fólks á Norðurlandi vestra sem unnin var af HLH Ráðgjöf. Úttektin var til kynningar.

3. Afsláttur af gatnagerðargjöldum

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga í tengslum við afslátt gatnagerðargjalda:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að auglýsa sérstaklega byggingalóðir við þegar tilbúna götur þannig að veittur verði afsláttur allra gatnagerðargjalda vegna bygginga á lóðunum. Eftirfarandi ákvæði gilda um úthlutun lóðanna:

- Umsóknir skulu berast eigi síðar en 1. janúar 2022, en umsóknir sem berast innan umsóknarfrests verða afgreiddar af hafnar- og skipulagsnefnd eftir því sem efni standa. Röð umsókna gildir varðandi afgreiðslu og úthlutun á einstaka lóðum.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að byggingarframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar hafi hloti fokheldisvottorð innan tveggja ára. Að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðargjalda.

Þær lóðir sem um ræðir eru eftirfarandi:

- Bogabraut – ein lóð norðan götu nr: 25.
- Suðurvegur – þrjár lóðir austan götu nr: 5, 7 og 11
- Sunnuvegur – tvær lóðir vestan götu nr: 10 og 12
- Ránarbraut – ein lóð norðan götu nr: 3 og fimm lóðir sunnan götu nr: 2, 4, 6, 8, 10.
- Oddagata – ein lóð austan götu nr: 3.
- Hólanesvegur – ein lóð vestan götu nr: 6.
- Skagavegur – tvær lóðir austan götu, nr: 4 og parhúsalóð nr: 6-8.
- Bankastræti – ein lóð sunnan götu nr. 5.

Sveitarstjórn ræddi tillöguna en samþykkti hana svo samhljóða með fimm greiddum atkvæðum og fól sveitarstjóra að annast auglýsingu.

4. Sala eigna

Fyrir fundinum lá tillaga um að setja fasteignina Suðurveg 18, fasteignanúmer F2139019 á sölu. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna og fól sveitarstjóra að annast auglýsingu og sölu fasteignarinnar.

5. Viðauki við fjárhagsáætlun 2020

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2020. Annars vegar vegna rekstrar þar sem gert er ráð fyrir nettó útgjöldum að upphæð 11,3 m.kr. og hins vegar vegna nettó fjárfestinga að upphæð 16,8 m.kr. Gert er ráð fyrir að mæta niðurstöðu viðauka að upphæð 28,2 m.kr. með lækkun á handbæru fé.

Helstu breytingar varðandi rekstur tengjast leikskóla, vinnuskóla, slökkviliði, viðhaldi girðinga, hafnarsjóði og félagslegum íbúðum.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Helstu breytingar varðandi fjárfestingar tengjast kaupum á slökkvibifreið, breytingum á skrifstofu sveitarfélagsins og frestun fyrirhugaðra fjárfestinga í gatnagerð og skógrækt.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að viðauka samhljóða með 5 atkvæðum.

6. Bréf

a. Afslins samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi dags. 19. ágúst 2020

Með erindinu er óskað eftir rekstrarstyrk Aflinu til handa. Sveitarstjórn samþykkti að styrkja Aflið um 100.000 kr.

b. Jóhanns Karls Sigurðssonar og Braga V. Bergmann dags. 20. ágúst 2020

Með erindinu er óskað eftir styrk vegna ritunar og útgáfu á bók um sögu blaðsins Dags á Akureyri 1918-1996. Sveitarstjórn sá sér ekki fært að vera við erindinu.

c. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 24. ágúst 2020

Með bréfi til allra sveitarfélaga dags. 25. janúar 2018 óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um alla samstarfssamninga sveitarfélaga sem starfað er eftir ásamt afriti af þeim. Yfirferð ráðuneytisins leiddi í ljós að ýmsir annmarkar eru á meirihluta samninga. Var veittur frestur til 15. nóvember til þess að bregðast við þeim annmörkum sem settir eru fram og upplýsa ráðuneytið um afrakstur vinnu við endurskoðun. Var sveitarstjóra falið að vinna að úrbótum á þeim annmörkum sem lýst var í erindinu ásamt öðrum samningsaðilum.

7. Fundargerðir

a. Framkvæmdaráðs Húnavetnings dags. 14.08.2020

Fundargerð var til kynningar.

b. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28.08.2020

Fundargerð var til kynningar.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

c. Stjórnar SSNV dags. 01.09.2020


Fundargerð var til kynningar.


8. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl. 10:25



Halldór G. Ólafsson


Róbert Kristjánsson


Kristín Björk Leifsdóttir


Péturína Laufey Jakobsdóttir


Guðmundur Egill Erlendsson


Alexandra Jóhannesdóttir